

Tillaga A 1983/PRE
Flytjandi Norrænt frelsi
Afgreiðsla Forsætisnefnd

Þingmannatillaga um viðurkenningu Norðurlanda á Ísraelsríki og hjálparaðgerðir vegna stríðs Hamas og Ísraels

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún fyrir hönd norrænu landanna sameiginlega lýsi yfir stuðningi Norðurlanda við Ísraelsríki og þjóð gyðinga og sömuleiðis andstöðu við gyðingahatri
- að hún geri samnorræna hjálparáætlun og sendi sjúkragögn til stríðssvæðanna í og við Ísrael og Gaza

Bakgrunnsupplýsingar

6. október 1973 réðst Egyptaland inn í Ísrael frá suðri og Sýrland frá norðri. Ísraelskir hermenn höfðu flestir verið sendir heim vegna heilagasta dags gyðingdómsins, Yom Kippur. 50 árum síðar, laugardaginn 7. október 2023, aftur á Yom Kippur, gyðinglegri hátíð sátta, gerðu palestínsku hryðjuverkasamtökin Hamas stórfellda árás á Ísrael. Ekki hafa jafn margir gyðingar verið drepnir samtímis síðan í helförinni í annarri heimsstyrjöldinni.

Eftir hryðjuverkaárásirnar hafa farið fram mótmæli á götum og torgum Norðurlandanna til stuðnings Hamas með hatursfullum slagorðum gegn gyðingum, og hefur í sumum tilfellum verið litið á þau sem gyðingahatur.

Norræn viðurkenning Ísraelsríkis

Norðurlöndin, sem halda lýðræði og jafnrétti á lofti, ætti því að taka höndum saman um að lýsa yfir andstöðu við hvers konar gyðingahatur, óháð því hvaða samtök það eru sem láta það í ljós.

Það er eðlileg krafa að engir einstaklingar eða þjóðflokkar, óháð því hverjir það eru, eigi að þurfa að þjást af vopnuðum átökum. Í ljósi viðkvæmrar stöðu gyðinga í gegnum söguna þurfa þeir þó sérstaka athygli og skýra viðurkenningu. Nú er við hæfi að leiðtogar alþjóðasamfélagsins taki afstöðu gegn gyðingahatri og lýsi yfir skýrum stuðningi við gyðinga og eina ríki gyðinga í heiminum, Ísrael.

Stuðningur við slasaða borgara og sending sjúkrabirgða til Ísrael og Gaza



Margir óbreyttir borgarar þjást bæði í Ísrael og Gaza, sem er nýr harmleikur sem við erum að verða vitni að.

Norðurlöndin, sem hafa oft barist fyrir mannúðaraðstoð og stuðningi, ættu sérstaklega að taka höndum saman um neyðaraðstæður sem þessar og sýna samstöðu með því að hjálpa fórnarlömbum stríðs á átakasvæðum. Sérstaklega er mikilvægt að koma sjúkrabirgðum á staðinn og hjálpa slösuðum.

Þó er einnig mikilvægt að sjúkrabirgðir séu ekki sendar beint til hryðjuverkasamtakanna Hamas. Hætta er á því að birgðirnar berist ekki til óbreyttra borgara sem þurfa á þeim heldur endi í höndum hryðjuverkamanna. Þess vegna þarf að sýna aðgát við sendingu þeirra – að réttir aðilar taki við þeim á réttum stað.

Við viljum því að norrænu löndin samræmi aðgerðir sínar um efnislegan stuðning í formi sjúkrabirgða sem sendar eru á átakasvæðið í Ísrael og Gaza.

Ósló, 1. nóvember 2023

Juho Eerhola (saf)

Pia Sillanpää (saf)

Joakim Vigelius (saf)

Minna Reijonen (saf)

Angelika Bengtsson (SD)

Ann-Christine Frohm Utterstedt (SD)

Victoria Tiblom (SD)

Staffan Eklöf (SD)

Peter Kofod (DF)